

Til bæjarráðs

Frá : Íbúasamtök Stöðvarfjarðar <ibuasamtok755@gmail.com>
Heiti : Til bæjarráðs
Málsnúmer : 2401017
Málsaðili : Íbúasamtök Stöðvarfjarðar
Skráð dags : 04.01.2024 14:36:18
Höfundur : Íbúasamtök Stöðvarfjarðar <ibuasamtok755@gmail.com>

Góðan dag.

Íbúasamtök Stöðvarfjarðar vilja leggja fyrir bæjarráð aftur erindi sitt frá 13.12.2023 varðandi opnunartíma móttökustöðva þar sem engin svör bárust varðandi þann lið bréfsins sem við sendum 13 desember seinastliðinn. Þrátt fyrir að hafa sent á embættis mann ítrekun um svar við þessum lið og á fundargerð bæjarráðs virtist þessum lið heldur ekki hafa verið svarað sem okkur þykir miður. Einnig förum við fram á að öll okkar erindi séu birt í heild sinni í fundargerðum Fjarðabyggðar ásamt erindum í heild sinni nema þau séu að sjálfsögðu trúnaðarmál. Það er alltof mikið um það að það fylgi engin gögn með fundargerðum frá Fjarðabyggð frá íbúum og samtökum í Fjarðabyggð.

En hér fyrir neðan er erindi okkar vegna móttökustöðvanna.

"Varðandi nýja opnunartíma móttökustöðvar.

Í fundargerð umhverfis og skipulagsnefnd 21.11.23 er nýr opnunartími móttökustöðva samþykktur.

Samkvæmt því skjali er opnunartíminn á Stöðvarfirði föstudagar frá 16:00-18:00 og engin helgaropnun.

Margir íbúar á Stöðvarfirði vinna annarsstaðar en á Stöðvarfirði og eru oft ekki komnir heim á Stöðvarfjörð fyrir en klukkan 18:00 á virkum dögum.

Íbúasamtökunum finnst skammarlegt af Fjarðabyggð að hafa enga helgaropnun á Stöðvarfirði, heldur er ætlast til að við förum á Fáskrúðsfjörð eða Reyðarfjörð um helgar. Þar þurfa íbúar að keyra einn hættulegasta veg landsins, 27 km, til að komast á móttökustöðina á Fáskrúðsfirði og 44km til að komast á Reyðarfjörður.

Okkur finnst eðlilegra að tekinn yrði laugardagur af einhverjum staðnum og hann færður til Stöðvarfjarðar.

Horfið aðeins á vegalengdirnar milli staða og hvernig vegurinn er.

Esk-Nes 23km mjög góður vegur

Fásk-Rey 21km mjög góður vegur

Rey-Esk 15km mjög góður vegur.

Íbúar á Stöðvarfirði þurfa alveg jafn mikinn aðgang af móttökustöð um helgar eins og aðrir íbúar Fjarðabyggðar."

Kveðja.

Íbúasamtök Stöðvarfjarðar.